



Þegar leið að endurreisn lýðveldisins 1944, fól Björn Þórðarson forsætisráðherra þremur ráðuneytisstjórum; Vigfúsi Einarssyni, Agnari Kl. Jónssyni og Birgi Thorlacius, ásamt Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði, sem hafði verið ráðunautur um gerð skjaldarmerkisins 1919 að láta gera breytt skjaldarmerki. Matthías Þórðarson hafði milligöngu

um að fá marga helstu myndlistarmenn þjóðarinnar til þess að gera tillögur að nýju skjaldarmerki, svokölluðu lýðveldismerki. Fór svo að teikning Tryggva Magnússonar var samþykkt og opinberuð á ríkisráðsfundi 17. júní 1944 sem skjaldarmerki lýðveldisins Íslands. Kórónan var felld í burtu af merkinu og lögun skjaldarins breytt. Skjaldberarnir voru teiknaðir með öðrum hætti en áður og einnig undirstaðan, sem skjöldurinn hvíldi á. Við gerð undirstöðunnar hafði Tryggva í huga „kirkjugólfíð“ á Kirkjubæjarklaustri. Frummyndin og tillögurnar eru varðveittar í Þjóðminjasafninu, en skissur og aðrar teikningar eru varðveittar á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og í einkaeigu.



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN
2014

Í samstarfi við afkomendur Tryggva Magnússonar og Þjóðminjasafn Íslands.
Samantekt: Andrés Úlfur Helguson / Ólafur J. Engilbertsson.

Tryggvi Magnússon og skjaldarmerkið



Sýning í Þjóðarbókhöfuðunni opnuð 1. desember 2014
í tilefni af 70 ára afmæli lýðveldisins



Tryggvi Magnússon var fæddur aldamótaárið 1900, þann 6. júní á Bæ á Selströnd við norðanverðan Steingrímsfjörð. Tryggvi var elstur sjö systkina, og voru foreldrar hans Magnús bóndi og trésmíðameistari Magnússon og Anna Eymundsdóttir ljósmóðir. Magnús var hálfbróðir skáldsins Stefáns Sigurðssonar frá Hvítadal. Anna var dóttir Eymundar bónda og hreppsstjóra á Bæ, af ætt Torfa frá Kleifum.


Hann var hann byrjaður að teikna fjögurra vetra gamall í þessu umhverfi þjóðsagna um forna vætti og hetjudáðir víkinga. Teikningar hans og annað handverk vöktu fljótt eftirtekt. Á áttunda aldursári fékk hann senda gjöf frá Þorkatli Sigurðssyni, föðurbróður sínum. Í pakkanum voru fyrstu litblýantar Tryggva og afskaplega vel þegin viðbót við þau tæki og tól sem hann hafði notast við fram að því. Haft var eftir yngri systur Tryggva, Elínborgu: „Ég ætla ekki að reyna að lýsa þeirri dýrð. Ég stóð full lotningar í hæfilegri fjarlægð, þegar fyrstu litmyndirnar urðu til og mátti ekki snerta með minnsta fingri við þessum gersemum hans.“

Á tólfta aldursári Tryggva fluttist fjölskylda hans að Hvítadal í Dalasýslu. Miklar hagleiksgáfur stóðu að sveininum í báðar ættir og ber þar fyrstan að telja Stefán, sem kenndur var við Hvítadal. Alla bernsku sína fönðraði Tryggvi við hagleiksverk, skar út, teiknaði og meðal annars myndir við uppskrift sína á öllum kvæðum Friðþjófs sögu í þýðingu séra Matthíasar.

Stuttu eftir að Tryggvi innritaðist í Gagnfræðaskólann á Akureyri haustið 1916, settist hann í sína fyrstu kennslustund í teikningu og var haft eftir kennaranum að hann hafi horft með undrun á handbragð drengsins, en síðan sagt: „Ég held að best fari á því, að þú takir við kennslunni drengur minn.“ Eftir að hafa lokið námi í Gagnfræðaskólanum sigldi hann haustið 1919 til Kaupmannahafnar, enda var héraendis enga frekari menntun að fá í myndlist. Í Höfn komst hann í Det tekniske Selskab sem síðar varð Københavns Tekniske Skole. Tveimur árum seinna hélt hann vestur um haf til New York og hóf Tryggvi nám í Art Students League of New York. Þar lærði hann og lagði einkum stund á andlitsmyndagerð. Ekki var

Tryggvi að þessu sinni í New York nema þann eina vetur, 1921-22. Þeir Finnur Jónsson höfðu verið samtíða við nám í Kaupmannhöfn, en nú var Finnur kominn í skólann Der Weg í Dresden, og er það líklegast ástæðan fyrir því að Tryggvi söðlaði nú enn um og hélt austur til Þýskalands, í sama skóla og Finnur og var þar einn vetur.

Árið 1923 er Tryggvi alkominn heim. Hann virðist teikna og mála af miklum dugnaði og í október árið eftir, opnar hann sína fyrstu sýningu í Ungmennafélagshúsinu við Laufásveg. Á sýningu þessa, sem er önnur af tveim sem hann hélt um dagana, dró hann til alls sem hann hafði fengist við, enda sagði listdómari Alþýðublaðsins að fjölbreyttari listsýning hefði aldrei verið haldin hér fyrr. Þsar sýndi Tryggvi m.a. teikningar og höggmyndir eins og drekastyttuna sem er á sýningunni og hann notaði síðar til að vinna drög að skjaldarmerkinu. Tveim árum síðar, 1926, hefur svo skopblaðið Spegillinn göngu sína og var Tryggvi aðalteiknari þess frá fyrstu stundu og í meira en tvo áratugi til.



Árið 1926 skipaði Alþingi sex manna undirbúningsnefnd Alþingishátíðar og má þá segja að formlegur undirbúningur að 1000 ára afmælishátíð Alþingis hafi byrj-

að. Síðla árs 1928 var Magnús Kjaran settur framkvæmdastjóri Alþingishátíðarinnar. Margt helsta listafólk þjóðarinnar lagði fram hugmyndir að atburðum og útliti hátíðarinnar. Tryggvi Magnússon var einn þeirra sem fengnir voru til að hanna útlit 1000 ára afmælisins. Tryggvi teiknaði merki Alþingishátíðarinnar, héraðamerki, fjórðungamerki, peningaseðla, pósthugsmerki, fornmannaspil og bakhlið eins af þremur hátíðarpeningum ásamt því að skreyta fjögurhundruðmanna tjaldsal hátíðarinnar. Landvættirnar, ættaðar úr Heimskringlu Snorra Sturlusonar, voru áberandi í allri þessari hönnun, forsmekkur að gerð lýðveldismerkis.